

| tíska | tíðarandinn | heilsa | garðurinn | hönnun | pistlar | matur | stjörnuspá |

bírta

kýs rétt

Hrafnkell Birgisson:
» Að breyta gildi hlutanna

Matur
» Kjöt á grillið

Tíska
» Halle Berry

JÓHANNES OG LÁRUS Í 12 TÓNUM

» *Í notalegri útrás*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
26. maí - 1. júní

Siáðu C4

22.869*

Mán.gr. Bilasamningur
Lýsingar og Brimborgar

sóltílboð

Lægra verð. Betri kjör.

Citroën frelsar þig úr viðjum vanans. Hönnun er aðalsmerki. Flott útlit, aukið öryggi og þægindi er munaður sem studd eru snjöllum tækninýjungum. Og ekki er að finna í bílum keppinautanna. Um leið og bú lítur Citroën augum renna gömul sannindi upp fyrir þér á ný: Frakkar hafa engu gleymt og hafa enn eina ferðina sett ný viðmið hvað varðar aksturs- ánægju, öryggi og þægindi. Láttu sjá þig á Citroën. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën á góðu sóltílboði Brimborgar.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltílboði Brimborgar. Þú færð peninginn beint í vasann eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.

Skoðaðu Citroën í nýjum og
glæsilegum sýningarsal.
Bíldshöfða 8.



Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.citroen.is

Lægra verð. Betri kjör.



Citroën C2 VTS 1.6i
3 dyra 5 gíra 125 hö*

Bilasamningur 21.644 kr.
Rekstrarleiga 35.365 kr.
Verð án sóltílboðs 1.849.000 kr.
Sóltílboð 1.769.000 kr.



Citroën C3 SX 1.4i
5 dyra 5 gíra 75 hö*

Bilasamningur 18.707 kr.
Rekstrarleiga 30.420 kr.
Verð án sóltílboðs 1.599.000 kr.
Sóltílboð 1.529.000 kr.



C4 SALOON

■ Citroën C4 SALOON SX
1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö*
Bílasamningur 22.868 kr.
Rekstrarleiga 36.217 kr.
Verð án sóltílboðs 1.949.000 kr.
Sóltílboð 1.869.000 kr.

Góður bílasamningur: Aðeins 20 prósent út.



■ Citroën C4 COUPÉ VTR 1,6i
3 dyra 5 gíra 110 hö*



■ Citroën Xsara Picasso Exclusive 2,0i
5 dyra sjálfskiptur 137 hö*



■ Citroën C5 X 1,8i
5 dyra 5 gíra 117 hö*



■ Citroën Berlingo Multispace 1,6 dísl
5 dyra 5 gíra 90 hö*

Bílasamningur 22.525 kr.
Rekstrarleiga 35.758 kr.
Verð án sóltílboðs 1.919.000 kr.
Sóltílboð 1.842.000 kr.

Bílasamningur 28.374 kr.
Rekstrarleiga 44.704 kr.
Verð án sóltílboðs 2.399.000 kr.
Sóltílboð 2.319.000 kr.

Bílasamningur 26.294 kr.
Rekstrarleiga 42.168 kr.
Verð án sóltílboðs 2.219.000 kr.
Sóltílboð 2.149.000 kr.

Bílasamningur 22.133 kr.
Rekstrarleiga 36.075 kr.
Verð án sóltílboðs 1.889.000 kr.
Sóltílboð 1.809.000 kr.

Komdu núna. Sóltílboð Brimborgar
gildir aðeins til 31. maí n.k.
eða meðan birgðir endast.

Sumarið
er komið
í Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Þetta er harður heimur

Nýja Latitude línan frá Dell er „Road Ready“ – tilbúin til að tengjast hvar og hverju sem er, þolprófuð fyrir hita, kulda og raka, höggum og margskonar hnjasíki til að tryggja þér léttá en nautsterka fartölvu hvert sem þú ferð í hörðum heimi.

Foton/SIA



Latitude D520

| |
|--|
| Intel Core Duo örgjörvi, allt að 1,86GHz |
| 14,1" XGA eða 15" SXGA+ skjár |
| Allt að 4GB minni |
| Allt að 100GB harður diskur |
| HyperConnect þráðlaus búnaður |
| Intel Graphics Media Accelerator |
| Nett og meðfærileg |

Latitude D620

| |
|---|
| Intel Core Duo örgjörvi, allt að 2,16GHz |
| 14,1" WXGA+ skjár |
| Allt að 4GB minni |
| Allt að 100GB harður diskur |
| HyperConnect þráðlaus búnaður |
| Fæst með 256MB nVIDIA Quadro NVS skjákorti fyrir grafíkskívinnslu |

Latitude D820

| |
|---|
| Intel Core Duo örgjörvi, allt að 2,16GHz |
| 15,4" WUXGA skjár |
| Allt að 4GB minni |
| Allt að 100GB harður diskur |
| HyperConnect þráðlaus búnaður |
| Fæst með 512MB nVIDIA Quadro NVS skjákorti fyrir grafíkskívinnslu |

Dell tölver fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:

PENNINN / Hallarmúla / 540 2000 • R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • TÖLVUPJÓNUSTAN Á AKRANEISI / 575 9200 • TÖLVUPJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETHEIMAR / Ísafirði / 456 5006 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BÓKAVERSUNN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234 • TÖLVUSMÐJAN / Neskaupstað / 470 2230 / Egilsstöðum / 470 2220 • BVT / Vík / 487 1510 • TÖLVU- OG RAFEINDAPJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122



Það er til lausn á öllu
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000





14



18



24



32

Þetta helst

- 7 Kosningar
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Árna Hjartarsonar
- 12 Börn, fjölmennung og afródans

Viðtöl

- 14 Jóhann og Lárus í Tólf tónum:
Eru í notaegri útrás
- 18 Hrafnkell Birgisson:
Að breyta gildi hlutanna

Hann/hún

- 24 Kjöt á grillið
- 30 Halle Berry
- 32 Sumarblóm fyrir alla
- 36 Kristín Eva elur upp
- 36 Sælgæti á meðgöngu
- 40 Tryggvi Gunnarsson segir kynjasögur
- 40 Stjörnuspá
- 42 Út að hlaupa
- 44 Reiðarslag fyrir reiða

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarpsdagskrá næstu viku
- 64 Sudoku

LA-Z-BOY®

HM ÞÆGINDI Á TWO VEGU

HÚSGAGNAHÖLLIN



VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI*

Nú býðst þér einstakt tækifæri til að eignast LA-Z-BOY. Vaxtalaust tilboð í 12 mánuði, gildir til 11. júní



VAXTALAUST
Í 12 MÁNUÐI

5.900
á mánuði*



VAXTALAUST
Í 12 MÁNUÐI

4.500
á mánuði*



VAXTALAUST
Í 12 MÁNUÐI

3.900
á mánuði*



BENNET LA-Z-BOY stóll klæddur leðr á slitflötu. Ruggustóll, hægt er að halla baki, þrjár stillingar á skemli. B 90 x D 95 x H 48/95 cm kr. **70.800**

BENNET LA-Z-BOY stóll. Ruggustóll, hægt er að halla baki, þrjár stillingar á skemli. B 90 x D 95 x H 48/95 cm kr. **54.000**

ASPEN LA-Z-BOY stóll. Ruggustóll, hægt er að halla baki, þrjár stillingar á skemli. B 85 x D 85 x H 45/102 cm. Verð kr. **46.800**

* + lánþökugjald -stimpilgjald.




DEKURDAGUR

með hverjum keyptum
LA-Z-BOY fyrir HM 2006



Komdu í Húsgagnahöllina og keyptu LA-Z-BOY, fyrir HM og þú færð dekurdag hjá Iceland Spa&Fitness með í kaupbaði:
Andlitsnudd og maski, augnmaski, Paraffin maski á hendur, ljósatími, heit laug, vatnsgufa og hvíldarhreiður.



Kosningadansinn

Nú eru síðustu forvöð fyrir frambjóðendur að stíga í vænginn við kjósendar því á morgun er kosningadagur. Landsmenn streyma á kjörstaði til að setja lítið X við þann sem þeir treysta best. Stjórnmálamenn boða til sigurhátiðar að morgni dags og bíða svo spenntir eftir kvöldinu með kvíðahnút í maganum.

Allir vilja frambjóðendurnir vel. Þeir þykjast

vita hvað okkur er fyrir bestu og vilja ólmir sýna okkur að þeir geti gert líf okkar að dansi á rósum. Þeir lofa göngum og brúm, flugvöllum og kvóta og án efa hafa þeir fullan hug á að standa við þetta allt. Þeir beita mismunandi brögðum svo boðskapurinn komist til skila. Sumir klessa á staúra, aðrir taka sér stöðu við grillið og enn aðrir spyrja hvar einstaklingsgarðinn sé að finna.

Á morgun kemur svo í ljós hver veðjaði á réttan hest.

Grænir og bláir, rauðir og gulir, hægri og vinstri. Allt eru þetta stjórnmálamenn sem hafa sömu markmið. Að bæta umhverfið og stuðla að heilbrigðu samfélagi. Nú er það þitt að meta, kjósandi góður, hver er best fallinn til þess heima í sveitinni þinni að stjórna rósadansinum svo hann endi ekki á þyrnum.

heitt & kalt |

Heitt



Að kjósa Nýtið kosningarétt ykkur og takið afstöðu!

Volt



Hlýrabolir Léttir og sumarlegir. Fjölbreytt mynstur skemma heldur ekki fyrir.

Hvorki heitt né kalt



Unglingar Eru líka fólk en gleyma því stundum sjálfir.

Við stofuhita



Sumarveðrið Halló, hvar ertu???

Ískalt



Að týna símanum sínum á djamminu Hefðir kannski átt að sleppa þessum ópal-staupum.

Svefngríma » Vörn gegn andvöku

Já blessuð sólin vekur allt og mannfólk ið líka, löngu fyrir áætlaðan fótaferðartíma. Íslendingar eru vanir því að leggjast í skammdeigisþunglyndi yfir dimma vetrarmánuði og sofa lungann úr sólarhringnum. Á sumrin stillir líkamsklukkan sig hins vegar eftir sólarupprás og sólsetri.

En risvandamálin hrjá ekki sólina góðu á sumrin og því eru flestir frónarbúar vaknaðir langt fyrir allar aldir og hlusta á morgunsöng fuglanna þar til vekjaraklukkan hringir.

Pá kemur svefngríman til bjargar. Henni er einfaldlega smellt yfir þreytt augun sem trúa þvístatt og stöðugt að enn sé nótt allt þar til gríman er rifin af á ný. Svo sniðugt.



leigubílaröð » bíði bíði bíði

Það er margt sem fylgir sumri. Sól, hiti, býflugur, ferðalög, sandalar og svo að sjálfssögðu kilómetralangar leigubíllaraðir. Leigubílaröð er kannski mismæli. Enda er hér ekki rætt um raðir leigubíla heldur raðir fólks með kaldar tær, frosna putta og rauðan nebba, tóman maga og aðeins of léttir á prómíllundinni eftir átök næturinnar, að bíða eftir einu litlum leigubíl. Raðirnar virðast heldur aldrei lengri en á sumrin þegar enginn getur sofið fyrir sólinni. Því er brugðið á það ráð að hanga á börum bæjarins þess í stað og svo fara allir heim, nokkurn veginn á sama tíma. Og þá er bara að bíða prúður og stilltur í strandaglöparöð miðbæjarins og blanda geði við aðra prómíleitraða samborgara sína.



Skordýr » (Ó)velkomnir sumargestir

Kvikasifursúlan í hitamælinum nær nýjum hæðum hvern dag og góðviðrisdögunum fjölgar. Lífið kviknar í kringum okkur og skordýrin vakna af værum vetrardvala. Ekki eru allir jafn sáttir við þessa suðandi vorboða. Íslendingar eru ekki vanir röndóttum flugum sem geta, ef ekki látnar í friði, snúist til varnar.

Húsflugur í gluggakistunum, fiskiflugur úti við húsegg, og móakóngulær við sumarbústaðinn. Skordýrin eru alls staðar í kringum okkur hvort sem okkur líkar betur eða verr. Líka fiðrildin, margfætlurnar og myflugurnar. Fyrir þá sem vilja kvarta má benda á að stærsta skordýr sögunnar var drekafluga með 71 sentimetra vænghaf, svartar ekkjur drepna með einu biti og engisprettur get orðið svo margar að dregur fyrir sólu. Hugsáðu um þetta næst þegar þú blótar er þú sérð hunangsflugu sem leitar að næsta blómi svo hún geti lifað af alla blómalausum mánuðina sem í vændum eru. Prátt fyrir allt þá erum við mjög vel sett á skordýrasviðinu.





Bachelorette

Ný sería af þessum vinsælu þáttum byrjar á SKJÁEINUM
föstudaginn 26. maí kl. 21.00. Tvöfaldur þáttur.

Nú næroðu SKJÁEINUM í gegnum Digital Ísland





brennslan mín ...

Árni Hjartarson jarðfræðingur

Gagn misrétti, niður með hervald og auðvald!

Árni Hjartarson jarðfræðingur var fenginn til þess að bræða saman rammólitísku brennslu í tilefni af bærstjórnarkosningum og það má með sanni segja að brennslan hennar Birtu hafi aldrei verið jáfn beitt. „Petta eru í raun og veru lög sem ég hef lengi haft í uppáhaldi. Ég er því ekki að fara ókunnar slóðir,“ útskyrir Árni um innihald brennslunnar. Um ástaður þess af hverju tónlistarmenn hallist frekar til vinstra en hægri í pólitískum viðfangsefnum sínum segist Árni ekki vita hvers vegna svo sé. „En sannum listamaður hlýtur að vilja berjast fyrir friði og félagslegum réttindum,“ bætir Árni hins vegar við að lokum.


| | |
|---------------|---|
| LAG 1 | SÓLEYJARKVÆÐI - Pétur Pálsson/Jóhannes úr Kötum. Magnaðasta ádelu- og mótmelakvæði sem samið hefur verið á íslensku. Gagn hérámi, hernaðarhyggju og undirlæguhætti gagnvart stríðsstefnu Bandaríkjanna. |
| LAG 2 | SEGULSTÖÐVARBLÚS - Bubbi Mortens/Pórarin Eldjárn. Beittur söngur gegn lyginni um varmargildi herstöðvarinnar á Miðnesheiði og viðvörun um að hún sé í raun skotmark í striði. |
| LAG 3 | PÚ VEIST Í HJARTA PÉR - Þorsteinn Valdimarsson. Söngur um frið og fordæming á hernaðarhyggju. Halldóð Ásgrimsson og Davíð Oddson hefðu þurft að kunna hann áður en þeir létu Bush ljúga sig fulla og draga sig á asnaeyrunum til stuðnings við ólöglegt árásarárstrið og manndráp í írárk. |
| LAG 4 | LOFSÖNGUR - Böðvar Guðmundsson. Nú þegar herinn er að fara og hemámsinnar gráta í örvaentingu missi sinn, þá syngjum við herstöðvar-andstæðingar pennan huggarsöng fagnandi. |
| LAG 5 | GRÆNA BYLTINGIN - Spíilverk þjóðanna. Grínaklutz lag um baráttumál sveitarstjórnarmanna sem gott er að syngja í kjörklefanum nú um helgina. |
| LAG 6 | ÁST OG FRÍDUR '68 - Gunnar Þórðarsson/Halldór Gunnarsson. Lofssöngur um pólitískar hugsjónir '68 kynslóðarinnar um frið og frjálsar ástir. |
| LAG 7 | FRAM ALLIR VERKAMENN - Bandiera rossa, ítaliskur verkalýðssöngur. Þennan söng fara menn ósjálfrátt að kyrra þegar kjarabaráttu kemst á dagskrá og mönnum finnst tími til kominn að hefja upp rauða fána og þjarma að auðvaldinu. |
| LAG 8 | ÁFRAM STELPUR - Gunnar Edander/Dagný Kristjánsdóttir og Kristján Jónsson. Baráttusöngur rauðsokka og allra jafnréttissinna. Samnefnd plata er raunar heilsteypt ádeila og kjafthöggi á karlrembu og pungrottuhátt. |
| LAG 9 | SÖNGUR VILLIANDARINNAR - Sænskt þjóðlag/Jakob V. Hafstein. Grátklökkasta lag dægumenningarinnar en jaðnframt hvatningarsöngur fuglavina, byssuandstæðinga og náttúruverndarmanna. |
| LAG 10 | MAÍSTJARNAN - Jón Ásgeirsson/Halldór Laxness. Lengi var þetta lag nær eingöngu sunginn af vinstrinönum og fór hryllilega í taugamar á hægra liðinu, enda er verkalyðshyggiun undirliggjandi. Nú er þetta vin-sælasti barnaheimilssöngur landsins og er æ oftar sunginn við jarðarfarið, jafnt gamalla komma sem íhaldskerlinga. |

HEIMAVÖRN SECURITAS




» birta mælir með ...

... THE DA VINCI CODE Hárgreiðsla Tom Hanks í myndinni er viðsulega eitthvað sem enginn getur mælt með en þráttr fyrir það er myndin hin fínasta skemmtun. Paul Bettany og Ian McKellen er mjög góðir í hlutverkum sínum og þráttr fyrir að myndin sé rúmir tveir og hálfur tími heldur hún manni við efnið allan tímann. Rétt eins og bókin er myndin fínasta afþreying. Hún er ekki ódaudlegt meistarastyki, eins og margir virðast hafa átt von á, heldur skemmtilegar þælindar og ágætlega útfærðar, fyrst á prenti og nú á hvítu tjaldinu.



... LIVING WITH WAR MEÐ MEISTARA NEIL YOUNG Neil Young á sér enga hliðstæðu í tónlistarsögunni. Prátt fyrir að vera kominn yfir sextugt er kallinn enn í fullu fjöri og að þessu sinni sendir hann frá sér



sína rokkuðustu plötu í fimmtán ár. Á plötunni gefur Young George Bush einn á lúðurinn og gott spark í punginn. Á plötunni kemur einnig fyrir 100 manna kór sem hjálpur Young að koma boðskap hans um fáránleika Írak-stríðsins og ógnarstjórn Bandaríkjumanna á framfæri. Frábær plata frá einni mestu goðsögn samtímans.

... ESTÉE LAUDER DAYWEAR PLUS Daywear Plus kremið frá Estée Lauder er stórgott andlitskrem sem hentar vel fyrir flestar húðategundir. Kremið veitir vörn gegn sól ásamt því að smá litur er í kreminu sem frískar upp á húðina og felur bláa bauga og rauðar rákir. Auk þess eru vörurnar frá Estée Lauder mjög vandaðar og því er kremið einnig gott andlitskrem sem styrkir húðina.



Gleraugu með sjónvarpi

NYTT

„Hversu oft hefur þú ekki lent í því að einhver er að horfa á far-tölvuna þína yfir öxlina á þér? Ekki lengur! Nú getur þú horft á myndbönd í ró og næði án þess að aðrir séu að hnýsast í það.“ Einhvern veginn þannig hófst umsögn um þessi bráðsníðugu videógleraugu. Birtu var reyndar hvorki ljóst hvort utanaðkomandi áhorfendur veru mikil vandamál né að það væri mikilvægt að geta horft á myndbönd í friði á almannafæri.

Engu að síður eru þessi gleraugu bráðsníðug og meira að segja flott líka – ef maður hefur horft á nógu marga Star-Trek þætti. Í gleraugunum eru tveir litill skjáir sem horft er á í gegnum stækklunarlinsur. Til hliðar við linsurnar eru aðrar linsur sem þú getur notað til að horfa fram fyrir þig ef þú skyldir skýndilega verða að fara í labbitír á meðan þú horfir á bíómynd.

Upplifuninni er líkt við að horfa á 30 tommu sjón-varp á meters fær og áfost heyrnartól sjá um hljóðið. Meira á www.myvu.com.



Pioneer

DEH-30MP

Athyglisvert
bíltæki
fyrir
tónelska
stuðbolta.



ORMSSON

Sölmenn veita allar nánari upplýsingar



Börn, fjölmennning og afródans

Fræðsla fyrir börn getur verið með ýmsum hætti. Álfheiður Anna Pétursdóttir og Sólrun María Ólafsdóttir bjóða krökkum upp á óhefðbundin námskeið í sumar.

Pær Álfheiður Anna Pétursdóttir og Sólrun María Ólafsdóttir ætla sér að fræða börn í Reykjavík um heiminn í kringum þau. Námstækin verða leikir og söngvar hvaðanæva að úr heiminum ásamt heilbrigðum skammti af afródansi.

HVERNIG NÁMSKEIÐ ER ÞETTA?

„Þetta er fjölmenningarnámskeið þar sem grunnhugmyndin er að börnin kynnist framandi menningu í gegnum söng, dans og leiki. Þar sem afródans er það sem við kunnum best og höfum kennit áður í ÍTR notum við hann. Við ákváðum líka að nýta leiki og söngva sem við höfum lært af erlendum vinum okkar og á ferðalögum til að gera þetta fjölbreyttara,“ segir Sólrun.

„Við ætlum okkur einn dag fyrir hvert svæði sem við tökum fyrir. Við byrjum á Afríku því hana þekkjum við best, fórum svo í Suður-Ameríku, síðan Asíu og loks í karabískra hafið. Að lokum spjöllum við svo um Ísland,“ bætir Álfheiður við.

HVERNIG KVIKNAÐI HUGMYNDIN AÐ NÁMSKEIÐINU?

„Við erum búnar að kenna í öllum grunnskólum Grafarvogs á námskeiðum í vetrur og okkur langaði að gera meira. Krakkarnir eru búinir að vera svo spenntir fyrir þessu og það sama var uppi á teningnum þegar við fórum í félagsmiðstöðvarnar. Okkur fannst báðum

að það væri fúlt að hætta á þeim tímapunki og í kjölfarið fengum við sömu hugmyndina, hugmyndina að námskeiðinu, hvor í sínu horninu. ÍTR fannst þetta líka góða hugmynd og þau eru búin að taka okkur ótrúlega vel. Það er mjög gaman að fá góða hugmynd sem er vel tekið og enn betra að fá tækifæri til að framkvæma hana,“ segir Álfheiður.

FYRIR HVERJA ER NÁMSKEIÐID?

„Námskeiðið eru fyrir 10-12 ára börn. Eins og Álfheiður sagði áðan þá er þetta í samvinnu við ÍTR en við erum partur af svokölluðum tómstundanámskeiðum. Við flókkum milli 5 hverfa og erum með börnin viku í senn hálfan dag á móti einhverju öðru prógrammi,“ segir Sólrun.

HVER ERU MARKMIÐ NÁMSKEIÐSINS?

„Fyrst og fremst viljum við fræða börnin en auðvitað viljum við líka reyna að útrýma forðóum og auka umburðarlyndi. Það er vonin og þess vegna viljum við gera þetta á jákvæðan hátt með leikjum og slíku. Við ætlum ekki að mata krakkana með powerpoint-sýningu. Heldur viljum við ræða málín í stað þess að predika yfir þeim,“ segir Sólrun.

„Við viljum líka sjá hvaða viðhorf börnin hafa til útlendinga. Þekkja þau einhvern frá Afríku og halda þau að allir frá Afríku séu eins“ skýtur Álfheiður inn í.

„Við ætlum ekki bara að tala um útlendinga

heldur líka um Íslendinga. Við ætlum að velta fyrir okkur hvað felist í því að vera Íslendingur? Ef þú ert barn útlendinga en hefur búið á Íslandi alla ævi ertu Íslendingur eða útlendingur? Ef þú átt íslenska foreldra en hefur aldrei komið til Íslands ertu þá Íslendingur eða ekki?“ sprýr Sólrun.

AF HVERJU VÖLDUÐ PIÐ MANNFRÆÐI?

„Ég var búin að velta mannfræðinni fyrir mér lengi en langaði samt sem áður frekar til Hollands í trúarbragðafræði. Svo var ég of sein að sækja um og því tók ég þá skyndiákvörðun að fara í mannfræði,“ segir Álfheiður.

„Mig langaði að fara í dansnám en ég var ekki upprennandi ballettdansari, byrjaði allt of seitn til þess,“ segir Sólrun og hlær. „Eftir menntaskólanum ferðaðist ég mikil og þegar ég var búin að fara tvívar til Afríku varð ég svo hugfangin að ég ákvað að finna mér starfsvetvang í Afríku. Valið stóð á milli mannfræði, félagsfræði og sögu. Pegar ég svo skoðaði kennsluskrána voru allir kúrsarnir í mannfræði eitthvað sem ég vildi taka.

Félagsfræðin fékk því að víkja og sömuleiðis sagnfræðin. Ég sé ekki eftir valinu því ég verð alltaf hrifnari og hrifnari af mannfræðinni.“



TÍMI TIL AÐ GERA BETUR

Við höfum metnaðarfulla framtíðarsýn og ætlum í samvinnu við Reykvíkinga að búa til betri borg. Reykjavíkurborg á að vera fyrirmund annarra borga í því að veita íbúum sínum aðlaðandi, öruggt og gott borgarumhverfi sem tekur mið af þörfum allra íbúa, bæði í leik og starfi.

25% LÆKKUN FASTEIGNAGJALDA

Fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði verða lækkuð um 25%. Fyrst um 10% 1. janúar 2007 og síðan um 5% árlega.

FLEIRI TÆKIFÆRI TIL SAMVERUSTUNDA

Tryggjum foreldrum og börnum val um örugga vistun frá því fæðingarorlofi lýkur, lækkum leikskólagjöld, göngum til samninga við íþróttá- og æskulýðsfélög í borginni um að þátttökugjöld barna verði lækkuð. Samræmum skólanám barna og íþrótt- og tómstundastarf til að fylgja samverustundum fjölskyldunnar.

HREINSUNAR- OG FEGRUNARÁTAK

Strax í sumar á að hefjast fegrunar- og hreinsunarátak í borginni. Við munum bæta aðstöðu íbúa til útvistar, glæða grænu, opnu svæðin nýju lífi, leggja göngu- og hjóreiðastíga og auka gróður og góða lýsingu í borgarumhverfinu.

www.betriborg.is



Í NOTALEGRI ÚTRÁS

Fyrir nærri tíu árum fæddist draumur hjá þeim félögum Jóhannesí Ágústssyni og Lárusi Jóhannessyni, draumur sem var knúinn áfram af sameiginlegri ástríðu þeirra á tónlist. Stuttu seinna opnuðu þeir sína eigin tónlistarverslun og núna eru 12 Tónar orðnir af einni helstu tónlistarstoð íslensk menningarlífss. Verslunin starfrækir sína eigin tónlistarútgáfu og nýjasta viðbót 12 Tóna er verslun í fyrrum höfuðborg okkar Íslendinga, Kaupmannahöfn.

Á ískoldum og vetrarlegum sumardegi töltir blaðamaður Birtu inn í hið afslappandi andrúmsloft 12 Tóna á Skólavörðustíg. Eftir smá rölt um verslunina sest blaðamaður ásamt viðmælendum sínum tveimur í hina einkar sjamerandi hlustunarstofu, þar sem þeir Jóhannes og Lárus setjast í sófa og á vegnum fyrir ofan þá hanga myndir af öllum fimm forsetum íslenska lýðveldisins.

Jóhannes og Lárus eru æskufélagar en þeir kynntust í Taflfélagi Reykjavíkur. Hlutirnir fóru síðan að rúlla af stað þegar Jóhannes var verslunarstjóri Japis í Brautarholti en þar var Lárus hans helsti kúnni. Þar ræddu þeir saman um að stofna þyrfti verslun sem tæki meira mið af viðskiptavinunum sjálfum og byði upp á alvöru þjónustu. Fyrirtækið var síðan stofnað í hálfliek á Meistaradeildarleik Manchester United í lok árs 1997. Fyrir jólín það ár var fyrsta verkefni hins nýstofnaða fyrirtækis að flytja inn einn disk, hinn geysivinsæla Nordisk Saloon Musik. Ótrúlegt en satt þá lagði þessi innflutningur grunninn að frekara stórveldi. Á horni Barónsstígs og Grettisgötu var verslun 12 Tóna formlega opnuð 3. apríl 1998. Lárus og Jóhannes láta vel af vistinni þar og tala um að þar hafi þeir lært grunnatriði tónlistarútgáfureigars. Árið 2001 var núverandi húsnaði keypt af stórkaupmönnum Kormáki og Skildi og leist 12 Tóna mönnum strax vel á nýja húsnaði en einnig á staðsetninguna. „Við ákváðum að við vildum frekar vera á Skólavörðustígnum en Laugaveginum af því að þetta er verslun sem er ekki mikil að taka við fólk sem er að detta inn. Þó að verslunin sé í miðbænum þá er hún ekki beint fyrir framan nefið á þér, þú þarf að gera þér ferð hingað, labba upp tröppur og svona,“ útskýrir Lárus.

STARFSMENN VERÐA AÐ HALDA MEÐ MANCHESTER UNITED

Blaðamann hafði lengi langað til að vita af hverju engar stelpur ynnu hjá 12 Tónum og fljóttlega í viðtalinu telur hann sig hafa fundið svarið. „Við erum átta sem vinnum hjá 12 Tónum og eina skilyrðið sem við setjum til þess að hægt sé að vinna hérra er að halda með Manchester United.“ Peir félagar, Jóhannes og Lárus, bæta þó við að ef stelpa með Unitedfána um hálsinn kæmi inn í verslunina og sækta um vinnum, þá yrði hún væntanlega ráðin á staðnum. „Þetta er svona kalla-vinnustaður. Við reynum að kaupa eins ljótan pappír og við getum fyrir jólín. Svo þegar fólk sprýr hvort við getum pakkat inn gjöfumum þeirra þá játum við því en um leið og við drögum upp pappírinn þá

man fólk yfirleitt eftir því að það eigi eftir að bæta við pakkann,“ segir Lárus stríðnislega og blaðamaður getur ekki annað en hrifist af þessari aðferð enda sjálfur af sama kyni og starfsmennirnir.

Fyrsti United-aðdáandinn sem Lárus og Jóhannes réðu var Einar Kristjánsson, gítarleikari úr Singapore Sling, en hann stýrir versluninni á Skólavörðustígnum. Þegar 12 Tónar gáfu út sína fyrstu plötu, fyrir jólín 2003, var Jóhann Águst Jóhannesson viðskiptafræðingur ráðinn tímabundið til þess að stýra því verkefni en hann er ennþá hjá fyrirtækinu í dag. „Lykilmáður í öllu okkar markaðsstarfi.“ Í dag eru starfsmenn 12 Tóna hins vegar orðnir átta en þar af eru tveir sem starfa í nýju versluninni í Kaupmannahöfn.

JAFNVÆGI MILLI LISTRÆNNA OG VIÐSKIPTALEGRA SJÓNARMIÐA

Eins og áður segir kom fyrsta plata 12 Tóna út árið 2003 en það var plata Eivarar Pálsdóttur, Krákan. Lárus og Jóhannes segja að þeir hafi frá upphafi ætlað að demba sér í plötuútgáfu og uppruna lega hafi staðið til að gefa fyrstu plötuna út árið 2000. Plötuútgáfan dróst þó aðeins á langinn, en eins þeir sjálfir segja þá voru þeir alltaf að bíða eftir réttu plötunni. Réttu platan fannst svo á endanum og var hin fyrirnefnda Kráka.

„Þegar plötuútgáfan hófst þá þurftum við ekki að finna upp neina stefnu því hún var þegar til. Stefna 12 Tóna er að gera öllum tónlistarstefnum jafn hátt undir höfði. Við erum með nokkra stóra listamenn en flestir listamenn okkar eru hugsaðir í miklu stærra samhengi en bara litla Ísland. Petta eru yfirleitt langtíma verkefni þar sem við viljum vinna náið með listamönnum að því að þróa þeirra feril. Sumir hafa samt sagt að það sé truflandi að hafa svona breiðan hóp listamanna en við sjáum þetta þannig að það sé einhver rauður þráður,“ segir Lárus. „Aðalatriðið er líka að við sjálfir höfum gaman af tónlistinni. Eins og með fyrsta verkefnið, Lalli fell alveg fyrir Eivöru og var ekki til friðs. Síðan allt í einu var komin plata og þannig verða hlutirnir einhvern veginn til,“ baðir Jóhannes við. Áður en árið 2006 er á enda búast strákarnir við að plöturnar verði orðnar 45 sem komið hafa út á vegum 12 Tóna, sem er því 4.500 prósenta aukning á þremur árum eins og reikningsglöggir sjá, ekki amalegt það. „Auðvitað er samt mjög auðvelt að fara á hausinn í þessum bransa og við gætum hæglega gert það á stuttum tíma. Petta er jafnvægi milli viðskiptalegra og listrænna sjónarmiða. Listamennirnir okkar hafa



samt heilmikið frelsi og við erum meira í því að skapa þeim tækifæri til þess að uppfylla sína drauma. Það er okkar hugmyndafræði. En þetta er líka draumur sem við erum tilbúinir að berjast fyrir með kjafti og klóm. Hér í versluninni fáum við líka einstakta tækifæri til þess að kynna okkar eigin útgáfur og fá þar af leiðandi náiν viðbrögð hlustenda,” útskýra Lárus og Jóhannes í sameiningu.

Varðandi erlenda markaði segja Lárus og Jóhannes að þar liggi ýmsir möguleikar. „Ákveðin vinna hefur verið unnin fyrir okkur, með Björk, Sigur Rós, Múm og þessum sveitum. Fólk vill fá að vita meira og það eru svæði að opnast viða um heim,” segir Jóhannes.

NÝ VERSLUN, SAMA ANDRÚMSLOFTIÐ

12 Tóna menn hafa fært út kvíarnar því 24. maí síðastliðinn var opnuð ný verslun í Fiolstræde 7, sem er þvergata Stríksins og rétt við gamla háskólann. 12 Tónar hafa lengi dreift tónlist um Norðurlöndin en núna er kominn tími til að ganga skrefinu lengra. „Við viljum fára út þetta módel af tónlistarverslun og í leiðinni að koma okkur fyrir í dönsku tónlistarlífi. Þetta er mjög rökrétt skref út frá markaðslegum sjónarmiðum og kannski opnum við verslun í Berlin, svo við nefnum eitthvað. Eru vaentingarnar ekki þær að vera löngu hættur að vinna þegar maður er orðinn fimmtíugur? Þurfa einungis að fara einu sinni í viku í bankann á Honolulu?”, sprýr Lárus og brosir breitt.

Framkvæmdastjóri nýju verslunarinnar verður Þórhallur Jónsson. Hann er mör gum tónlistarnördum að góðu kunnur enda hefur hann verið verslunarstjóri í plötubúnum í Reykjavík í kringum tíu ár, síðast í Skífunni á Laugavegi. Framkvæmdastjóri heildsölunnar verður Viðar Karlsson sem hefur unnið í tónlistarbransanum í 30 ár, þar af 20 í Danmörku. Verslunin verður með mjög svipuðu sníði og sú sem er hér heima. Meginbreytingin er kannski sú að í stað mynda af forsetum Íslands verða myndir af Margréti Danadrottningu, pabba hennar og síðan af Kristjáni tíunda, sem var seinasti konungurinn sem ríkti yfir Íslandi. Meira að segja var sérstaklega flutt inn kaffivél frá Íslandi, frá Einari Guðjónssyni í Kaffibóbi, enda leggja þeir Lárus og Jóhannes mikil upp úr kaffinu. „Núna var Jói úti að vinna við lokaundirbúning á versluninni. Eitt af verkefnum hans var að fara í bestu kaffibúðina í Kaupmannahöfn og hann kom hingað með sýni af baunum, þannig að við getum sett saman réttu blönduna fyrir kaffið úti.”



Nýja verslunin sést hér í hvíta húsinu til vinstrí.



KAFFI-STEMNINGIN TIL UMRÆÐU Á NETINU


Kaffið er gott dæmi um þá einstöku stemningu sem einkenir 12 Tóna. „Kaffið skiptir alveg gríðarlega miklu máli. Mjög margir fast-akúnnar koma hingað sérstaklega í kaffi á morgnana. Ef þú gúgglar til dæmis 12 Tóna þá tala allir um þennan espresso,” segir Lárus og Jóhannes heldur áfram. „Einn kaffibolli brýtur oft upp stemninguna og þetta er frábær leið til þess að opna samskipti við gesti.“ Einu sinni kom til umræðu að baka líka smákökur en fallið var frá þeiri hugmynd. Því kemur ekki á óvart að verslunin veki eftirtekt erlendra ferðamanna og hefur orðspor hennar borist viða. Segjast Lárus og Jóhannes oft hitta ferðamenn sem láta taka myndir af sér fyrir utan eða inni í versluninni. „Mörgum finnst líka undarlegt að fá að taka disk, opna hann og síðan að setjast niður og hlusta á hann. Margir gestir koma hingað dag eftir dag og hlusta í jafnvæl nokkra klukkutíma í senn.“

Pessi heimilislega stemning er heldur ekki það eina sem heillar við 12 Tóna. Úrvalið er furðulega gott miðað við stærð verslunarinnar, starfsfólkid veit virkilega hvað það er að selja og síðan bætast við fjölbreyttir tónleikar sem oft fara fram í sjálfrí verslunni. „Reksturinn hefur samt breyst mikil að undanförnu og við söknum stundum gömlu tímannna. Núna er reksturinn orðinn mun flóknari og heilmikil starfsemi sem er rekin í kringum útgáfurnar. Ein af ástæðunum fyrir því að við erum að fara út er sú að við viljum ekki vera of stórir hér á landi heldur frekar vera líttill aðili á stórum markaði,” segir Lárus. „Við viljum ekki missa þessi persónulegu tengsl sem við höfum við listamennina, svo við tölum nú ekki um kúnnana,” bætir Jóhannes við.

En er hægt að keyra áfram slikan draum og standa við hann þannig að lokum þurfi maður ekki að kíkja nema einu sinni í bankann á viku í Honolulu? „Í tónlistarheiminum gerist ýmislegt en það er ekkert markmið í sjálfu sér. Markmið okkar er að gera spennandi hluti og vera meðvitaður um að það sem þú ert að gera er líf Pitt. Við erum með mjög mikil að efnilegum listamönnum á okkar snærum sem við höfum tröllatru á og ætlum okkur að komast eins langt með þá og við mögulega getum. Það er allt í lagi að hafa Honolulu svona bak við eyrað en ég er samt ekki einu sinni við um að Honolulu yrði fyrir valinu,” segir Lárus að lokum og Jóhannes skýtur inn í að það yrðu frekar Færeysjar eða Toscana. Við sjáum svo til, með áframhaldandi 4.500 prósenta vöxt allt að vera hægt.

Vinstri græn í Kópavogi

Fyrir fólk - Með fólkí



vinstri græn – hreinar línur

Hér eru gömlu sparibollarnir settir í nýtt samhengi og öðlast þannig nýtt líf.



Að breyta gildi hlutanna

Hrafnkell Birgisson er formaður Samtaka hönnuða á Íslandi. Hann hefur ákveðnar skoðanir um hönnun og segir að hönnuðir og fyrirtæki mættu vinna meira saman. Sjálfur er hann vöruhönnuður og hefur starfað sem slíkur undanfarin ár.

Hrafnkell tekur á móti blaðamanni á vinnustofu við Vesturgötuna í Reykjavík umkringdur ýmsum framúrstefnulegum prjónavörum sem blaðamaður rekur strax augun í. „Þetta er hluti af hönnunarverkefni sem ég tók þátt í í fyrra ásamt fjórum öðrum hönnuðum í samstarfi við Víkurprjón í Vík í Mýrdal,“ segir Hrafnkell. „Við fengum styrk frá Iðnteknistofnum til að vinna þetta verkefni. Ég kannaðist við Víkurprjón, var búinn að keyra oft fram hjá þeim og hafði hugsað með mér að það væri gaman að gera eitthvað fyrir þá. Við ákváðum að leika okkur dálitið með upprunnann og finna eitthvað sem gerði framleiðsluna sérstaka og myndi um leið tengja hana við svæðið,“ segir Hrafnkell um leið og hann sýnir blaðamanni þá hluti sem hannaðir voru fyrir Víkurprjón. „Þetta er ákveðinn leikur með viðfangsefnið og við tókum ýmis þjóðleg sérkenni og fórum með þau lengra. Settum smá húmor í hönnunina,“ segir Hrafnkell og bendir á tveggja manna kúruteppi og selsham úr ull sem notalegt er að klæða sig

í á köldum vetrarkvöldum. „Selshamurinn hefur vakið mesta athygli,“ segir hrafnkell. „Hann er ekki úr alvöru selskinni heldur úr ull sem er sjálfbær íslensk afurð þannig að þetta er svona hálfgerð írónia á þjóðsöguna um selshaminn.“

Hrafnkell hefur undanfarið verið að fylgja verkefninu eftir. „Við reynum að höfða til markhóps sem kann að meta þessa hugsun í hönnun. Hér var verkefnið unnið í fullu samstarfi við Víkurprjón og hönnunin varð að henta þeirra tækjum og búnaði. Auðvitað væri mun ódýrara að fara með alla svona framleiðslu til Kína en þetta snýst um að viðhalda ákveðinni framleiðslu á Íslandi og þróa vörur fyrir starfandi fyrirtæki,“ segir Hrafnkell en þetta er nokkuð sem hann horfir ávallt til í sínum verkefnum.

GAMLIR HLUTIR FÁ NÝTT GILDI

Hrafnkell vinnur mikið með öðrum hönnuðum en ýmsa hluti hefur hann einnig hannað einn. „Það er alltaf gaman að fylgjast með því þegar eitthvað sem maður hefur hannað

kemst í framleiðslu. Bollarnir hér eru það sem hefur fengið hvað mesta dreifingu,“ segir Hrafnkell og bendir blaðamanni á skemmtilega bolla sem hafa verið búin til úr gömlum antíkbollum sem límdir eru á finan glasafót. „Þetta er gamli bollinn frá ömmu kominn í nýtt samhengi og ég hugsa að vinsældir bollanna felist í því að þetta er eitthvað sem fólk getur tengt sig við. Hönnun snýst að miklu leyti um að búa til verðmæti út einhverju sem fólk skynjar ekki verðmætin í lengur. Finna hluti sem eru kannski búin með líftíma sinn en þegar þeir eru settir í nýtt samhengi verður til alveg ný hugmynd. Það er það sem skiptir svo miklu máli í hönnun og þar eru endalausir möguleikar á nýsköpun. Það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið, hönnun felst ekki síður í því að breyta gildi og verðmætamati og breyta því hvernig þú horfir á hlutina og metur þá,“ segir Hrafnkell sem hefur kennt námskeið í Listaháskólanum sem snýst einmitt um þetta. Par eru nemendurnir látnir hanna eitthvað nýtt úr hlutum sem fram að því hafa haft allt annað hlutverk.

SUMARSKÓRNIR



ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Garðatorgi GARDABÆ

SÍMI 517-4806

|20| viðtal | hrafnkell birgisson

HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLA

Hrafnkell er þeirrar skoðunar að það þurfi að tengja betur saman hönnun og atvinnulíf. „Fyrirtæki og hönnuðir eiga að vinna saman að verkefnum því þeir þurfa hver á öðrum að halda. Margir sem standa í fyrirtækjarekstri skilja ekki gildi hönnunar en þetta er ekki síður hönnuðunum sjálfum að kenna. Það er svo auðvelt að segja, „Ég klára þetta bara sjálfur og fæ svo einhvær til að framleiða þetta,“ í stað þess að vinna saman að verkefnum,“ segir Hrafnkell sem sjálfur er að fara af stað með verkefni í samvinnu við Málmsmiðju Ámundra. „Þetta er lítið verkstæði sem folk kannast kannski ekki endilega við. Það þekkja hins vegar allir pönnukökupönnurnar sem þeir framleiða. Við erum í samstarfi núna og ég ætla að þróa einhverjar fleiri

vörur sem hægt væri að framleiða en þarna vinna miklir listasmiðir.“

Hrafnkell er formaður samtaka hönnuða og þar eru ýmis spennandi verkefni í gangi sem snúa meðal annars að þeirri hugmynd að tvinna betur saman hönnun og atvinnulíf. „Við erum til dæmis með tilraunaverkefni í gangi núna sem er samstarfsverkefni á milli Iðntæknistofnunar og Samtaka Íslenskra myndlistarmanna og snýr að því að koma upp hönnunarsætri á Korpúlfssröðum. Pangað geta hönnuðir komið í ákvæðinn tíma til að vinna að verkefnum með öðrum hönnuðum og fá til þess styrk. Þetta er sérstaklega hugsað fyrir unga hönnuði og á að hvetja undir nýsköpun auk þess að gefa fyrirtækjum kost á að taka þátt í svona verkefnum fyrir líttinu pening,“ segir Hrafnkell.



“Tools you Bake”, kökuform sem Hrafnkell hannaði ásamt öðrum hönnuði í samstarfi við Hugo Bräuer málmsmiðjuna í Berlin.



Hrafnkell Birgisson er þeirrar skoðunar að tengja eigi saman hönnun og atvinnulíf.

Teppi sem sýnir landslagið í nágrenni Víkur í Myrdal. Í verkefnið var reynt að tengja hönnunina við svæðið.



Tveggja manna teppi sem Hrafnkell og félagar hönnuðu fyrir Víkurþjón. Hér er vísað í gamla tíma þegar Íslendingar deildu rúmi til þess að halda á sér hita.



Sex efstu sæti V-listans í Reykjavík skipa:
Svandís Svavarsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Þorleifur Gunnlaugsson,
Sóley Tómasdóttir, Hermann Valsson og Úgla Egilsdóttir.

Samfélag í Reykjavík

Borgin okkar er fyrst og fremst samfélag - ekki fyrirtæki

Við Vinstri-græn teljum það hlutverk samfélagsins að sjá um velferðarþjónustuna og viljum tryggja að hún sé veitt á forsendum hvers og eins. Við erum meðvituð um að í hvert sinn sem samfélagslegar eигur eru seldar, er vald framselt frá almenningi til peningavaldsins. Það stríðir gegn sannfæringu okkar um að þörf sé á þátttöku allra í mótu samfélagsins.

Gott samfélag þarf á öllum að halda

Heimaþjónustu og heimahjúkrun ber að samþætta og skipulag þjónustunnar þarf að vera á einni hendi. Sama gildir um ferðabjónustu aldraðra og fatlaðra. Þá þarf að bæta úr brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými tafarlaust.

Markmiðið er að allir fái lífað með reisn alla ævi

vinstri græn – hreinar línur





af öllum Nettoline innréttningum
20%
afsláttur
til 1.júní.



Glæsilegar danskar innréttningar í öll herbergi heimilisins.

nettoline 
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT
www.nettoline.com



Eldhúsinnréttigar Baðinnréttigar Þvottahússinnréttigar Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum

ELBA



Eldavélar



Ofnar



Helluborð



Viftur & háfar



Uppþvottavélar



Snaigé

Kæli- og frystiskápar



**Við seljum allar Nettoline
innréttigar með
20% afslætti í þrjár vikur
(tilboðsdagar frá
10. maí - 1. júní)**

Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt, að leitun er að öðru eins



Innréttingatilboð SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF

EKKI BARA INNRÉTTINGAR !

*Við bjóðum einnig fullkomið úrval vandaðra raftækja,
Elba eldunartæki og uppbvottavélar og Snaigé kæli-
og frystiskápa*

*Á tilboðsdögum bjóðum við raftækin með allt að
20% afslætti,
þegar þau eru keypt með eldhúsinnréttingu*

Virka daga kl. 9-18
Laugardaga 10 - 15

 **Friiform**
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Kjöt á grillið

Það vill brenna við að hugmyndaauðgín sé ekki upp á marga fiska þegar kemur að grillmatnum. Leitað er að einhverju fljótlegu kjötmeti og endað í því sama og venjulega. Hér eru hugmyndir að tveimur kjöt-máltiðum á grillið. Kjötið sjálf er frekar hefðbundið en sósurnar gera það spennandi og eru mjög fljótlagaðar. Þær ganga í raun með hverju sem er; segja má að jarðarberjasósan geti einnig verið með eftirréttum

og gorgonzola-sósan með brauðsalati og pylsum! Uppskriftirnar eru með ítölsku ívafi og Ítalir vilja fátt annað með steik og kjöti en ferskt salat, og hafa mjög lítið meðlæti. Hvernig væri að prófa það og leyfa kjötinu að njóta sín með þessum gírnilegu sósum? Það tekur líka miklu styttri tíma í undirbúningi að sleppa öllu brasinu og maturinn verður léttari fyrir vikið!

Grillaðar svínakótilettur með jarðarberjasósu

FYRIR FJÓRA

4 svínakótilettur
blandað, ferskt salat

Sósa:

250 g jarðarber, skorin í tvennt til fernt
1/4 bolli balsamedik
2 msk sykur, flórsykur eða hrásýkur
2 msk kjúklingasoð
salt og pipar
hnefi fersk basilíka, skorin smátt



Setjið jarðarberin í pott, stráið sykri yfir og hellið balsamedikinu út í. Hrærið og látið standa í 15 mín. Komið upp hita á sósuna og látið hana malla þar til berin mykjast og töluverður safi fer að myndast, um 5-7 mín. Smakkið til með kjúklingasoði, salti og pipar. (Ath. að sé notaður kraftur í duft- eða vökviformi má strá um 1/2 tsk yfir sósuna og hræra upp eða hella í hana nokkrum dropum). Það er gott að krydda sósuna aðeins þegar hún er með mat, en sé verið að bera hana fram með eftirrétt er best að sleppa kryddinu.

Smyrið kótiletturnar með vökvunum sem myndast í sósunni, saltið og piprið eftir smekk og grillið. Setjið ferskt salat á disk og hellið olíu og balsamediki yfir. Leggið kótiletturnar á disk, hellið sósu yfir og strá-ið basilíkunni yfir sósuna. Berið fram.



SANTA DIGNA:

Vinsælt Chilevín frá Miguel Torres

Spænska víngerðarmanninum Miguel Torres er þakk að það að hafa nánast eins síns liðs tekist að umbylta spænskri víngerð og koma henni í fremstu röð í heiminum. Torres-fjölskyldan stundar víngerð í premur löndum, Chile og Bandaríkjunum auk heimalandisins Spánar. „Hjarta framleiðslunnar er á Spáni og víngerðin í Chile og Bandaríkjunum er bara örlítið brot af heildarframleiðslunni. Hins vegar er það mjög merkilegt að hér á Íslandi seljast Torres-vínin frá Chile nánast jafnmikið og vínin sem eru framleidd á Spáni. Það er til marks um gríðarlegar vinsældir Chile hér á landi því þetta þekkjum við ekki á öðrum mörkuðum,“ sagði Imma Llopar fulltrúi fyrirtækisins er hún heimsótti Ísland í fyrra.

Vínin sem Miguel Torres framleiðir í Chile heita Santa Digna. Vínið úr þrúgnum cabernet sauvignon er kynnt sérstaklega á Chiledögum sem nú standa yfir í vínþúðunum. Hefur vínið verið lækkað í verði um 300 kr.

Miguel Torres Santa Digna Cabernet Sauvignon er meðal djúpt og þroskað vín, mikil eikarlykt og talsverður kryddtónn svífur fyrir, bragðmikið og kröftugt, en samt mjúkt og margslungið vín, langt og gott eftirbragð. Santa Digna er fjölhæft vín sem hefur upp á margt að bjóða og hentar vel með flestu kjöti og bragðmíklum ostum. Frábært vín eitt og sér sem og með bragðmíklum mat.

Santa Digna er margverðlaunað vín, hlaut m.a. gullverðlaun á fjórðu World Wine Contest í Brussel í maí 1998. Einnig fengið viðurkenningarnar Médaille d'Or Challenge International Du Vin Blaye-Bourg, 2000 og Prix d'Excellence, Civart, Frakklandi, 2000.

Kynningarverð á Chiledögum í vínþúðum 1.190 kr.



Nautasteik með brauðsalati og gorgonzola-sósu

FYRIR FJÓRA

800 g nautakjöt að eigin vali
1/2 bolli ólifuolíá
3 hvítlauksrif, skorin í bita,
ekki of smátt
4 stilkar ferskt rósmarin
salt og pipar

Sósá:

200 g gorgonzola-ostur
1/2 b rjómi
2 msk fersk steinselja, söxuð (helst ítölsk
steinselja)
2 msk kjötkraftur
salt og pipar

Salat:

250 g blandað, ferskt salat

Setjið kjötið í matvinnslupoka eða í skál, hellið olíu yfir, hvítlauk, rósmarinblöðum, salti og pipar. Látið kjötið marinerast eins og tími gefst til, en í a.m.k. 30 mín.

Hellið rjóma í pott, setjið ostinn saman við og látið hann bráðna við vægan hita. Stráið steinseljunni yfir. Smakkið til með kjötkrafti, salti og pipar, (Ath. að sé notaður kraftur í duft- eða völvformi má strá um 1/2 tsk yfir sósuna og hræra upp eða hella í hana nokkrum dropum). Þykkid eða þynnid eftir því sem þurfa þykir.

Hellið um 2 msk af ólifuolíu á pönnu. Rífið hráskinkuna niður og steikið í um 2 mín. áður en þið rífið brauðið niður á pönnuna og hrærið allt saman þannig af olían smjúgi inn í brauðið og geri molana örliðið stökka. Það getur þurft meiri olíu, hellið henni þá bara yfir allt saman á pönnunni. Þegar tilbúið, setjið á disk og stráið helmingnum af parmesanostinum yfir og hrærið. Saltið og piprið. Setjið salatið í grunna skál eða á disk, hellið olíu og sítrónusafa yfir, stráið afganginum af ostinum yfir. Blandið brauðinu varlega saman við salatið.

Grillið kjötið eftir smekk. Setjið salat á disk, leggið kjötið yfir og hellið smá sósu yfir hvort tveggja. Sósan er nefnilega mjög góð með salatinu. Berið fram.



B L U S H

Cypress White Zinfandel:

á sumarverði

Blush, rósavín eða roðavín

Allt eru þetta heiti á samskonar vínum, roðavín er íslenska orðið fyrir þessi vín þó svo að rósavín sé nú það sem við notum yfirleitt. Blush er hinsvegar einungis notað um vín frá Kaliforníu en þau vín eru framleidd úr rauðvínsþrúgumni zinfandel.

Cypress White Zinfandel er Blush frá Kaliforníu. Heiðurinn af víninu eiga víngerðarmaðurinn Philip Shaw og sonur hans Daniel Shaw ásamt yfirvíngerðarmannin J.

Lohr, Jeff Meier. Philip er fyrrum yfirvíngerðarmaður Rosemount og maðurinn á bak við hinar gifurlegu vinsældir þeirra vína. Sonurinn Daniel er helsti rauðvínsvíngerðarmaður J. Lohr.

Cypress White Zinfandel er ferskt og unglekt, laxableikt að lit, í angan eru sætur tónar af jarðaberjum, hindberjum og rifsberjum. Það sama kemur fram við fyrstu kynni í munni en ólíkt flestu öðru blush er vínið með góða ferska sýru ekki bara gott sem fordrykkur heldur líka frábært með mat. Ferskleiki vínssins undirstrikast líka af létttri kolsýru.

Verð á víninu var nýlega lækkað í vínbúðum og mun verða á þessu hagstæða verði í sumar.

Verð í vínbúðum 890 kr.



Hentar einstaklega vel með: Grilluðum kjúklingi á fersku salati með t.d. Satay sósu. Grilluðum laxi með hollandaise sósu og ferskum grilluðum aspargus. Grilluðum sjávarréttarspjótum með t.d. humar, hörpuskel og skötusel

Glæsikona með einfaldan smekk

Leikkonan Halle Berry er með glæsilegri leikkonum í dag. Hún hefur frekar einfaldan stíl og smekk en lítur alltaf vel út. Enda falleg kona frá náttúrunnar hendi. Hún var í sviðsljósini í Cannes á dögunum. Þar var hún viðstödd frumsýningu á nýj-ustu myndinni um X menninna, X-men: The last stand.


Hún tók sig vel út á rauða dreglinum, var þar klædd í síðkjól eins og venja er við hátfáðarfrumsýningar. Eins og hennar er síður var kjóllinn einfaldur en fallegur. Glæsileg efni og einföld snið ein-kenna stíl Halle Berry, uppáhaldslitir hennar eru brúnn, bleikur, svartur og ferskjulitur. Þegar hún er ekki á rauðadreglinum er hún gjarnan í gallabuxum og leðurjakka en í glæsilegum skóm við til að lífga upp á heildarmyndina. Semsagt stíll sem auðvelt er að taka sér til fyrirmynadar - í orði kveðnu að minnsta kosti.

Myndir: NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



VOR 2006

SUNDFÖT



Sundfatnaðurinn á myndunni er vefsíðulegur.

Keyptu sundfatnað á dömunu, herrann eða barnið fyrir 5000kr eða meir og fáðu 1000kr inneign í snyrtivörudeild af sólarvörn og brúnukremum.

(inneignin gildir aðeins ef verslað er fyrir 3500 eða meir af sólarvörum)



DEBENHAMS
SHÁKALIND

Skart, skór og töskur í summar!



Focus - Kringlunni
Gullskór kr. 4.990



KISS - Kringlunni
Kr. 5.990

Kynning

Það sem fylgja þarf flottum fatnaði eru fallegir fylgihlutir eins og töskur, skór, belti og skart. Lágbotna, opnir og sumarlegir skór er nauðsynlegt að eiga þegar sumartíminn ber að garði sem og falleg armbönd og nælur. Töskur eru eitthvað sem konur eiga aldrei nóg af enda mikilvægt að eiga flotta tösku fyrir hvert tilefni.



NEXT - Kringlunni
Kr. 1.590



Focus - Kringlunni
Kr. 3.990



Benetton / Sisley - Smáralind
Taska Kr. 4.795
Belti kr. 2.995, einnig til í svörtu



NEXT - Kringlunni
Skór kr. 6.490
Belti kr. 3.790

GS skór - Kringlunni
Kr. 4.990



NEXT - Kringlunni
Kr. 3.290



Noa Noa - Kringlunni
Taska kr. 5.590
Stærri hálsmen kr. 2.490
Minni hálfestri kr. 1.990



KISS - Kringlunni
Armband kr. 1.990, stórl nála kr.
1.990, minni nála kr. 1.490.



Gallerí 17- Kringlunni
Belti kr. 2.990



Gallabuxnabúðin - Kringlunni
Röndóttur bolur kr. 2.490, hlýrabolur kr. 990, gallapils kr. 3.950

Focus- Kringlunni
Skór kr. 3.990





Texti: GUNNPÓRA GUNNARSDÓTTIR

Eitthvað fyrir alla, konur og kalla

Sumarblómatíminn er að renna upp. Ótal tegundir skrautjurta bíða þess á blómamörkuðum og gróðrarstöðvum að gleðja nýja eigendur á næstu vikum og komast á hentuga staði við heimili þeirra. Þá er heldur ekki sama hvernig eigandinn er. Sum blóm henta einni manngerð betur en önnur og gilda þar svipaðar reglur og um aðra sambúð. Til að hjálpa okkur að para saman týpur folks og tegundir blóma fengum við í lið með okkur Guðmund Vernhardsson garðyrkjufraeðing í Gróðrarstöðinni Mörk í Blesugrót sem gaf okkur góð ráð og leiðbeiningar. Einnig var stuðt við Garðblómabókina sem Skrudda gaf út 2005 og er eftir Hólfríði A. Sigurðardóttur.

FYRIR PÁ MJÚKU OG VANDLÁTU SEM VILJA NOSTRA ENDALAUSTR:

Af fjlærum blómum fyrir nostrarana má mæla með hinu þokkafulla hjartablómi og sólelskandi alpasveip. Heppileg sumarblóm fyrir þessa manngerð eru flauelisblóm, blá-

hnoða og mánaflifill. Allir nostrarar ættu ávallt að tína öll visnuðu blómin sem eru búin að blómstra af sumarblómunum. Það eykur blómgunina hjá plöntunum því annars setja þær kraftinn í að mynda fræ.

FYRIR PÁ ÞRJÓSKU SEM TAKAST ÓTRAUÐIR Á VIÐ ERFIÐAR TEGUNDIR: Glóðarblóm og garðaljómi eru góðar fjlærar plöntur fyrir þrjóskublesana sem lifa á því að fá erfiðar tegundir til að lifa. Þetta geta verið hinar glæsilegustu jurtur ef vel tekst til. Garðaljóminn er steinhæðaplanta en glóðarblómið stórvaxið. Dalíur þola ekki frost, hvorki stönglar né rætur þannig að þær þurfa sérstaka meðhöndlun hér á íslenskri grund. Það láta þrjóskublesarnir þó ekki aftra sér.

FYRIR PÁ ÓPOLINMÓÐU SEM VILJA SJÁ ALLT GERAST Á EINNI NÓTTU: Skrautsúra er eitt af þeim fjlæru blómum sem skjótast upp í tveggja metra hæð á

meðan eigandinn lítur af því. Hún nýtur sín best stakstæð, blöðin eru á stærð við rabarabaráblöð og blómin eru smágerð og rauð. Meyjarskjöldur er önnur fljótsprottin fjlær tegund sem þó nær ekki alltaf að blómstra. Skjaldfléttu er fljótvaxin klifurplanta sem sáð er til. Hún getur náð allt að þriggja metra hæð og glatt eigandann með gulum stórum blómum með sporta.

FYRIR SKUSSANA SEM VILJA SEM MINNST FYRIR RÆKTUNINNI HAFA: Sumarblóm eins og silfurkambur, hádegisblóm, stjúpur og margarítur eru eins og sniðin fyrir þá sem hafa líttin tíma til að sinna blómunum og gefa sér rétt tóm til að skvetta á þau vatni þegar þurrkar geisa í landinu. Þessar tegundir þekkja allir enda hafa þær glatt augu okkar skussanna sumar eftir sumar. Þær láta fátt koma sér úr jafnvægi þegar þær á annað borð eru komnar á legg og láta öllum finnast þær fyrsta flokks garðyrkjumenn.



Réttmeti



Ný kynslóð örbylgjuréttta fyrir fólk sem hugsar um hollustuna. Réttirnir eru úr fersku hráefni og eldast við gufu. Þannig halda þeir upprunalegu næringargildi að langmestu leyti.

Prófaðu Réttmeti!

Rétt samsett máltíð sem er bæði holl og góð.

- enginn viðbættur sykur
- engin viðbætt fita
- salt í lágmarki



|34| hann hún » garðurinn

FYRIR RÓMANTÍSKA FAGURKERA SEM GERA KRÖFUR BÆÐI UM ÚTLIT OG ILM:

Hina bláu og nettu næturfjólu þekkja margin enda er hún algeng í íslenskum görðum. Hún er fjölar og á það til að verða plássfrek með aldrinum en fyrirgefst lengi fyriggangurinn vegna hins höfgua ilms sem af henni leggur eftir að sólin er sest. Margir þekkja líka léttu lykt skrautnálar. Hún er eitt af okkar algengustu kantblómum og fæst í nokkrum litum en snædrífa er hinsvegar ný lágvaxin planta sem er blómsæl allt sumarið.

FYRIR MATHÁKANA SEM ALLT

